

Fundur foreldrafélag BES 26.5.2016 kl. 19:30

Mætt: Þóra, Guðríður, Dorothee

Ekki lá fyrir formleg dagskrá, en eftirfarandi mál voru rædd:

1. Fjármál foreldrafélags
Skv. nýjasta bankayfirlitinu átti félagið 70.000.- kr í upphaf síðasta skólaárs (25.8.2015) en er núna 125.121.-kr (26.5.2016). Ógreiddur er kostnaður vegna „Jól í skókassa“. Félagið er að velta fyrir sér útskriftargjöf fyrir útskriftarnema ársins sem eru 15 eða 17.
2. Farið yfir árið. Áhugi er á að halda félagsvist aftur á næsta ári, en byrja í janúar. Einnig er ánægja með Jól í skókassa og vilji til að halda verkefninu áfram.
Foreldrafélagið er einnig tilbúið að styðja dúkkuverkefnið áfram.
Verið er að velta fyrir sér hvort það sé eitthvað ákveðið sem vantar í skólann sem foreldrafélagið gæti gefið. Einnig mætti spá í sameiginlega upplifun eða ferð í upphafi næsta skólaárs sem félagið gæti komið að.
Skólamyndataka og endunýjun á skólapeysum sem eru væntanlega á dagskrá á næsta skólaári.
3. Barnabær: óskast er eftir þátttöku foreldrafélags í kaffihúsinu og ætla Dorothee að komast að því hvers er nákvæmlega ætlast. Dorothee og Guðríður geta alla vega unnið. Ekki er vitað um fleiri.
4. Magnús skólastjóri talaði um þátttöku foreldrafélags í grillinu í hádeginu þann 6.júní nk. sem er útivistar- og hreinsunardagur.
5. Framtíð foreldrafélags er óviss, enda er áhugi foreldrasamfélags á starfinu lítill og samstarf við skólann ábótavant. Beðið er enn eftir fundi með skólastjóra og öðrum fulltrúum skólans. Einnig eru tillögur og athugasemdir foreldrafélags sem voru sendar eftir síðasta fund ósvarað. Þar má nefna tillögur um símalausa daga á unglíngastigi, úrbætur vegna umferða við skólann á Stokkseyri og fl.
6. Tekið var eftir að skólarútan hefur verið iðulega of seint á ferðinni í vetur. Krakkar frá Eyrarbakka eru oftast ekki komin á Stokkseyri eftir að skólabjallan hringir og er stress og læti út af þessu í upphaf skóladags. Þetta er ekki nógu gott. Lagt er til að aksturinn á næsta skólaári verði skipulagður með það í huga að börnin verða komin í skólann 5-10 mínútum áður en kennslan byrjar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:45